

## AUGLÝSING

### um gildistöku deiliskipulags, Akureyri.

*Deiliskipulag Verksmiðjúsæðisins á Gleráreyrum.*

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt á fundi sínum 4. apríl sl. deiliskipulag Verksmiðjúsæðisins á Gleráreyrum. Skipulagssvæðið afmarkast af Glerárgötu í austri, Þórunnarstræti í suðri, Klettaborg í vestri og Borgarbraut í norðri. Á skipulagssvæðinu eru tvær lóðir og eru þær aðskildar með nýrri götu sem liggur norður-suður gegnum svæðið. Á eystri lóðinni er gert ráð fyrir verslunarmiðstöð en á vestari lóðinni er athafnasvæði með blandaðri starfsemi. Þrjár athugasemdir bárust og hefur þeim sem athugasemdir gerðu verið send niðurstaða bæjarstjórnar.

Greinargerð og skipulagsuppráttur hafa fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag í Mýrarhverfi, bílgeymslur.*

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt á fundi sínum 7. mars sl. deiliskipulag í Mýrarhverfi. Skipulagssvæðið afmarkast af Byggðavegi í austri, Þingvallastræti í suðri, Mýrarvegi í vestri og Hamarsstíg í norðri. Í deiliskipulaginu eru afmarkaðir byggingarreitir fyrir bílgeymslur á þeim lóðum sem ekki er bílgeymsla fyrir. Tvær athugasemdir bárust á auglýsingatíma og hefur þeim sem athugasemdir gerðu verið send niðurstaða bæjarstjórnar.

Greinargerð og skipulagsuppráttur hafa fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Akureyri, 5. maí 2000.*

Fyrir hönd Akureyrarbæjar,

**Árni Ólafsson** skipulagsstjóri.